

settu eignum til lúkningar kröfu sinni á hendur áfrýjanda H. W. Friis, 3301 kr. 28 a., með 6% vöxtum frá 25. október f. á. til borgunardags, þóknun $\frac{1}{3}$ % af sömu upphæð og málskostnaði fyrir báðum réttum 150 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 19/1909:

Sveinn Björnsson
fyrir hönd H. W. Friis
gegn
Jóhannesi J. Reykdal.

D ó m u r :

Stefndi Jóhannes J. Reykdal verksmiðjueigandi í Hafnarfirði höfðaði mál þetta fyrir aukarétti Hafnarfjarðar-kaupstaðar á hendur Kristni Kristjánssyni seglsaumara í Hafnarfirði, er hafði umsjón með eignum áfrýjanda H. W. Friis þar í kaupstaðnum þar á meðal húseigninni Svendborg, er stefndi hafði látið kyrsetja með fógetagjörð 9. febrúar þ. á., til staðfestingar kyrsetningargjörðinni og greiðslu á víxilkröfu á hendur áfrýjanda, að upphæð 850 kr. Var málið dæmt í aukaréttinum 31. marz þ. á. með þeim úrslitum; að kyrsetningargjörðin var staðfest og Kristinn Kristjánsson fyrir hönd H. W. Friis skyldaður til að greiða Jóhannesi J. Reykdal 850 kr. með 6% vöxtum frá gjalddaga víxilsins 28. desbr. f. á. til borgun-

ardags, þóknun $\frac{1}{3}$ % af sömu upphæð og kr. 68,08 í málskostnað.

Þessum dómi hefir Sveinn Björnsson yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd H. W. Friis skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 19. apríl þ. á., og krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði með eða án heimvísunar ónýttur og málinu vísað frá undirréttinum, eða til vara að málinu verði vísað heim, og enn til vara, að dómimum verði hrundið og breytt þannig, að kyrsetningargjörðin 9. febr. þ. á. verði feld úr gildi og hann syknaður af öllum kærum og kröfum stefnda, svo og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins, hvernig sem málið fer. Stefndi krefst, að dómurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi leysti borgarabréf til verzlunar í Hafnarfirði árið 1905 og greiddi þar sveitarútsvar næstu ár á eftir, síðast 1908. En þegar kyrsetningargjörðin 9. febr. þ. á. fór fram, var hann talinn alfluttur af landi burtu, og var málinu því stefnt til staðfestingar samkvæmt opnu bréfi 30. nóvbr. 1821 um kyrsetning á útlendum manni eða fjármunum hans. En áfrýjandi lítur svo á, að lagaþóð þetta sé ekki gildandi lög hér á landi og hafi því verið rangt að beita því, og þó að það væri gildandi lög hér, sé eigi heimild til að beita því gegn sér, með því að hann sé íslenskur borgari. Samkvæmt þessu álitur hann, að málið sé eigi höfðað á réttu varnarþingi og krefst, að því verði vísað frá undirréttinum.

Það verður þó að telja vafalaust, að áminst opið bréf sé gildandi lög hér á landi og að því sé full heimild til að fara eftir því, þegar ástæður eru til þess að

öðru leyti, og að svo hafi verið í þessu máli, má telja nægilega sannað. Því er ekki haldið fram, að áfrýjandi hafi verið búsettur hér á landi þegar kyrsetningin var gjörð eða eftir það, en í áfrýjunarstefnunni er heimili hans talið í Aalesund, og það skiftir þá eigi máli, að hann hefir leyst borgarabréf og rekið atvinnu í Hafnarfirði undanfarin ár. Það er því eigi ástæða til að sinna kröfu stefnda um frávísun málsins frá undirréttinum. Og eigi virðist heldur vera ástæða til eftir kröfu áfrýjanda að vísa málinu heim til nýrrar dómsáleggingar, af þeirri ástæðu, er hann heldur fram, að forsendur dómsins séu ófullkomnar og óljósar.

Þá hefir áfrýjandi fundið það að dómnum, að þar sé enginn fyrirvari hafður um það, að eigi verði leitað fullnægingar á kröfu stefnda í öðrum fjármunum áfrýjanda en hinni kyrsettu húseign, eins og gjört er ráð fyrir í opna bréfinu frá 1821, og krefst hann sýknunar í málinu fyrir þessa sók. En þó að þessi athugasemd áfrýjanda væri rétt, gæti hún eigi réttlætt kröfu hans um sýknun í málinu, en að eins gefið tilefni til að leiðrétta dóminn í þessu atriði. Og að vísu er áminztur fyrirvari ekki tekinn upp í niðurlag dómsins, en í ástæðum hans er það tekið fram, að kröfu stefnda verði ekki fullnægt í öðru en hinni kyrsettu fasteign, og samkvæmt því verður að skilja dómsniðurlagið. Áfrýjandi verður því eigi sýknaður af þeirri ástæðu, og með því hann hefir ekki athugað neitt við kröfu stefnda, eða tilgreint aðrar ástæður en að framan eru taldar, fyrir því, að dómnum verði breytt, verður yfirdómurinn að komast að sömu niðurstöðu sem héraðsdómarinn um aðalefni málsins. Áfrýjandi hefir sérstaklega mótmælt málskostnaðarákvæði

dómsins, en það verður að telja rétt, að hann greiði stefnda málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, sem hæfilegt þykir að ákveða 80 kr. fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður að því er staðfestning kyrsetningargjörðarinnar 9. febrúar þ. á. snertir, og skal stefndi, Jóhannes J. Reykdal, eiga rétt á að gera fjárnám í hinni kyrsettu húseign til lúkningar kröfu sinni á hendur áfrýjanda H. W. Friis, 350 kr., með 6% vöxtum frá 28. desbr. f. á. til borgunardags, þóknun $\frac{1}{8}$ % af sömu upphæð og málskostnaði fyrir báðum réttum 80 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. ágúst.

Nt. 32/1909:

Valdstjórnin
gegn
L. A. Sekse.

D ó m u r:

Í máli þessu, sem dæmt hefir verið fyrir lögreglu-
rétti Ísafjarðarkaupstaðar þannig, að kærði, útgerðarmaður